

SÝSLUMÆÐURINN
Í HUNAVATNSSÝSLU

Blönduósi 26/11 1990.

Hr. Jón Kristjánsson,
alþingismaður,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Alþingi

Erindi nr. P/13 1632

komudagur 7/12 1990

Háttvirtí allsherjarnefndarmaður!

Lagt hefir verið fram á Alþingi frumvarp til laga um skipti á dánarbúum o.fl., sem ætlað er að koma í stað laga nr. 3 frá 1878 um sama efni. Ég vil gera örfáar athugasemdir við þetta frumvarp. Ekki vegna þess að mér komi til hugar að tekið verði mark á þeim, heldur svona til þess að friða samviskuna. Þó er ekki alveg rétt að segja þetta því einusinni benti ég á ákvæði í frumvarpi sem var til meðferðar í þinginu (það fjallaði um heilbrigðisnefndir), sem breytt var samkvæmt uppástungu minni, en þau fyrirmæli höfðu komið frá "æðri stöðum" þ.e. sérfræðingum þeim, er frumvarpið sömdu, að engu mætti breyta.

Nú vil ég taka strax fram að það er mjög gott að fá nýjan lagabálk um þetta efni, því í framkvæmd er nú mikið byggt á venjurétti, sem fyrst og fremst hefir orðið til í skiptarétti Reykjavíkur en eðlilega eru þar flest málin. Og frumvarpið hefir samið sá sem vann við þessi mál mjög lengi. Ég er ekki að kasta rýrð á starf hans, þótt ég bendi á eitthvað, sem ég tel að betur mætti fara. Skiptaréttur Reykjavíkur og þó einkum Kristján heit. Kristjánsson borgarfégeti hafa haft mikil áhrif á myndun venjuréttarins. Það sem hann sagði voru lög, sem enginn efaðist um. Ég minnst þess að snemma á mínum embættisferli vildi lögmaður úr Reykjavík fá mig til að gera eitthvað í sambandi við skipti á dánarbúi, sem ég man nú ekki hvað var. Eitthvað bögglaðist þetta fyrir mér og vildi ég fá að vita hvar heimildina væri að finna í lögum, því ég gat ekki fundið hana. Hann vissi það ekki en sagði: "Kristján hefir þetta svona", og það voru lög í hans huga.

Skiptalögin fjalla aðallega um réttarfarir í málum um skipti dánarbúa. Venjulega eða oftast kemur þetta allt af sjálfu sér og þarf þá ekki að gripa til lagareglna, þ.e. erfingjar skipta með sér, samkomulag er um skipti eigna við hjónaskilnað og slit sambúða o.s.frv. En um þetta þurfa að vera reglur, einfaldar en glöggar. Mér finnst frumvarpið vera meira í ætt við frumvarp að reglugjörð fremur en að lögum.

Sem dæmi tek ég 11. kafla frumvarpsins. Í 5. gr. er að finna orðmælgir um andlátstilkynningu. Þar er talað um "umboðsmann sýslumanns". Þetta er úrelt. Samkvæmt núgildandi lögum á að tilkynna skiptaráðanda eða hreppstjóra. Sýslumenn hafa enga umboðsmenn núorðið, enda samgöngur og samskiptamöguleikar allt aðrir en 1878. Í stað orðanna "eða umboðsmanni hans" ætti að standa þar sem hinn látni átti

lögheimili. Og sleppa næstu málsgrein. Það má nefnilega fletta uppi Þjóðskrá hvar hinn látni átti lögheimili, en ekki svo auðvelt fyrir Pétur eða Pál að vita allar lagareglur um hvar búinu ætti að skipta.

Í 6. gr. er talað um að sýslumanni sé því aðeins heimilt að taka við andlátstilkynningu og gefa vottorð um það að ákveðnum skilyrðum sé fullnægt. Auðvitað á sýslumaður ætíð að taka við andlátstilkynningum, en móttökuvottorð getur hann skilyrt fylgi ekki nægileg gögn.

Ég ætla ekki að fara í gegnum frumvarpið lið fyrir lið en get þó ekki annað en bent á 9. gr. 4. mgr. Þar ætti að standa: Um vanhæfi sýslumanns til þess að fara með skipti fer eftir almennum reglum einkamálaálaganna um vanhæfi dómara. Úrskurði sýslumaður sig úr málum eða verði úrskurðaður skipar dómsmálaráðherra mann til þess að fara með málið. (Ætti að standa "setusýslumann" samkvæmt málvenju sbr. setudómari, en ég fæ mig ekki til þess að nota það orð). Sem sagt óþarfa málalengingar, sem ekki eiga heima í lögum.

Í sambandi við þennan kafla vil ég að lokum minnst á ákvæði í 18. gr. um uppskrift búa. Sú venja hefir ríkt, að úttektarmenn skrifi búin upp. Þ.e. skrái eignirnar og meti til verðs, en úttektarmenn eru hreppstjóri og einn aðalmaður og tveir varamenn. Út um hinar dreifðu byggðir er þetta til staðar og verður enn um sinn. Í lögumum mætti ákveða ákveðna matsmenn, skipaða af sýslumanni til þess að meta dánarbú. Þetta starf mæðir á hreppstjórunum. Ef hann er vanhæfur er nágrannahreppstjóri settur í staðinn. Ég var einmitt þessa dagana að setja hreppstjóra til þess að skrifa upp bú, því viðkomandi hreppstjóri var erfingi hins látna.

Svo eru ákvæði í 22. gr. um yfirmat. Þetta ákvæði er hæpið. Samkvæmt almennum reglum ber að selja hlut á uppboði ef slíta þarf sameign t.d. hlut úr dánarbúi. Nú er jafnvel farið að tíðka það að auglýsa eftir tilboðum, þá fæst gangverð, en yfirmat er aðeins álit ákveðinna manna, sem einnig kostar sitt.

Ég bendi á þessi atriði til þess að sýna fram á að það þarf að fara mjög vel yfir frumvarpið og leiðrétta og færa til betri vegar fjölda mörg atriði og færa það í búning laga en ekki reglugerðar eða ritgerðar um skipti.

Á nýafstöðnu dómaraþingi sagði formaður réttarfararnefndar að hún hefði farið yfir frumvarpið og gert athugasemdir. Því er bara þannig varið að sárafaír gera sér grein fyrir eða nenna að setja sig inni réttarfar í skiptamálum, m.a. vegna þess hve sjaldan þarf á því að halda og þá er leitað til þeirra, sem mesta reynsluna hafa, þ.e. skiptaréttar Reykjavíkur, en það er sitt hvað að hafa raunhæfa reynslu eftir skráðum og óskráðum lögum og eiga svo að fara að semja almennar reglur samkvæmt þessari reynslu í formi laga.

Þá vil ég gera athugasemd við framkvæmd skipta, ef um opinber skipti verður að ræða. Þá tekur héraðsdómari við. Ég tel þetta hæpið. Skipti eru framkvæmdaratriði sem stjórnvald getur séð um en komi upp ágreiningsatriði, á auðvitað að vísa þeim til dómstólanna, enda virðist verkefni dómars aðeins vera það að skipa skiptastjóra, sem svo sér um skipti á búunum. Ég endurtek, skipti eru í sjálfu sér ekki dómsathöfn nema þurfi að úrskurða um miskliðarefni, þeim á auðvitað að

vísa til dómstólanna, en það á ekki að yfirhlaða þá með verkefnum sem tilheyra stjórsýslunni.

Akvæðið um skiptastjórana tel ég hæpið svo ekki sé meira sagt og hvet þingmenn til að lesa vel það sem sagt er um þetta á bls. 52 (næst á síðunni) til bls. 54 í greinargerð með frumvarpinu. Þar tel ég margt ofsagt og annað mjög gagnrýnivert. Skiptagjald í ríkissjóð er 1,5% af eign sem kemur til skipta, en lögfræðingar reikna sér 8% af fyrstu 375.375,- af brúttóeign búans 6% af næstu 375.375,- 4% af næstu 710.082,-, 2% 2.519.403,- og 1,5% af því sem er umfram af brúttóeign, ekki er reiknað af því sem kemur til skipta. En það er ekki aðalatriðið heldur er það verkefni allsherjarvaldsins að fara með svona mál. Það á ekki að framselja það til einkaaðila. Það eru tiltölulega fá bú sem koma til opinberra skipta, svo það er alls ekki ofvaxið sýslumönnum að fást við þau. Ég má ekki segja skiptaréttinum. Ekki má nefna snöru í hengds manns húsi. Í þessu sambandi má benda á að fullyrðing frumvarpshöfundar efst á bls. 51 í greinargerðinni um tölulegar upplýsingar er hæpin. Það eru mjög áreiðanlegar upplýsingar um fjölda látinna manna hér á landi og einnig eru til dómsmálaskýrslur sem greina frá afgreiðslu dánarbúa. Mér kæmi ekki á óvart að þær skýrslur sýndu að tiltölulega fá bú færu í opinber skipti. Og enn færri þar sem þarf að kveða upp úrskurði, en þeim ágreiningi ætti nú að vísa til dómara.

Í minni embættistíð árin 1961-1989, bæði árin meztalin hafa 855 dauðsföll verið skráð við embættið, en það er fjöldi dánarbúa. Af þeim hafa 25 farið í opinber skipti.

Astæðurnar voru þessar:

1. Fjarskyldir erfingjar	8
2. Deilur erfingja	5
3. Ölögráða börn	6
4. Enginn erfingi	1
5. Erfðaskrárerfð	1
6. Skuldafrágöngubú	2
7. Til þess að hafa allt á hreinu	2

Þetta þarf ekki frekari skýringar. Þegar um fjarskyldari og marga erfingja er að ræða vilja erfingjar ekki skipta sjálfir. Minnsti hlutur í svona skiptum hjá mér var 1/175 og í öðru búi 1/168. Einnig vilja aldraðir foreldrar hafa allt í lagi, ef t.d. vel fullorðinn sonur með nokkur umsvif fellur frá án niðja.

Deilur erfingja geta verið erfiðar. Hjá mér var í einu tilfelli milli systkina, en öðru milli fjarskyldari erfingja. Þá var í einu tilfelli véfengd erfðaskrá.

Um 7. liðinn er það að segja, að í öðru tilfellingu var um sambýliskonu að ræða, sem átti börn af fyrra hjónabandi og í síðara tilfellingu um eiginkonu manns í barnlausu hjónabandi og gekk þá hluti arfsins til ættingja hennar samkvæmt þágildandi lögum.

Af þessari upptalningu sést að það er ekki ofverk sýslumanna embættanna að annast þessi mál og alveg óþarfi að láta þessa stjórsýsluathöfn undir héraðsdómara.

Þetta er nú orðið mikið lengra en ég ætlaði. Þó vil ég í lokin benda á að það brýtur ekki í bága við aðskilnaðarlögin að sýslumaður sé kallaður skiptaráðandi. Sýslumaður kemur fram fyrir hönd ríkisvaldsins, undir mörgum nöfnum, t.d.

lögreglustjóri, yfirfjárráðandi og þess vegna má vel halda þessu nafni, skiptaráðandi, enda orðið fast í málinu og það tekur tíma að útrýma því. Það tengist skiptum á búum og almenningur skilur það. Löggjöfin er íhaldssöm í eðli sínu og á að vera það. Það tekur langan tíma að útrýma þessu orði í daglegu tali og alveg óþarfi.

Í þessu sambandi langar mig að minnast á orðskrípið lögbókandi fyrir notarius publicus. Það er ágætt að finna íslenskt orð og má vel nota rétt myndað gerandnafn af "að bóka löggerning" og kalla þá lögbókara, en lögbókandi er eins og fyrr segir orðskrípi. Hvernig litist ykkur á bókandi fyrir bókari, skrifandi fyrir skrifari o.s.frv. en þetta var innskot, sem í sjálfu sér á ekki heima hér.

Það liggur ekkert á að samþykkja frumvarp þetta. Þess vegna á að gefa sér góðan tíma og fá hæfa menn til þess að fara yfir það með þingmönnum og skýra hvað við er átt hverju sinni. Ég hefi oft tekið sem dæmi um vönduð vinnubrögð við lagasmíð undirbúning að lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Þau undirbjó sá mæti maður prófessor Ólafur Jóhannesson, sem seinna varð þingmaður og ráðherra. Hann safnaði fyrst að sér öllum fjallskilareglugerðum, sem settar höfðu verið með vafasamri heimild í lögum. Uppúr þeim samdi hann frumvarp, sem var sent öllum sýslunefndum til umsagnar, síðan gerði hann breytingar og lagfæringar í samræmi við tillögur þeirra, sem gjörþekktu málin.

Sumir tala um gjörbyltingu réttarfarsins 1. júlí 1992. Breytingin sem þá verður er meira í orði en á borði. Að visu hverfur dómvaldið frá sýslumönnum að nokkru leyti, en það var og er nú að mestu hjá sérstökum dómurum og megnið af öllum dómum kveðnir upp af dómurum, sem í raun eru óháðir framkvæmdavaldinu. Hins vegar er mjög gott að fá þarna glögg skil, en þá verða þau að vera glögg og t.d. ekki fela dómurum störf, sem eru í eðli sínu stjórnssýslustörf eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ég lagði til skipun sérstakra héraðsdómara í álitsgjörð um þessi mál fyrir um 25 árum og liggur það fyrir í þingskjöllum, svo þetta er ekkert nýtt fyrir mér.

Rakarinn frá Akureyri, sem öllu þessu brambolti kom af stað, sem betur fer segi ég, fengi nákvæmlega sömu meðferð nú í upphafi eftir breytinguna og hann fékk þá. Munurinn er aðeins að nú á að vísa málinu til sakadóms, ef hann vildi ekki sátt, en hefði verið hægt að gera það, ef viðkomandi dómari, hver svo sem það var, hefði notað skynsemina í stað þess að rígbinda sig í venjur.

Skiptalögin eru yfir 100 ára gömul. Þrátt fyrir þennan aldur eru þau enn ágæt til síns brúks. Þótt auðvitað venjuréttur hafi rutt sumum ákvæðum burt, svo jafnvel framkvæmdin sé andstæð orðanna hljóðan. Tími er því kominn til að breyta, en nýju lögum eiga að vera betri, gagnorðari og á betra máli en þau gömlu. Ég vona bara að hinir ágætu alþingismenn beri gæfu til að gera þau svo úr garði, að ekki verði þörf breytinga að 100 árum liðnum.

Ég viðurkenni fúslega, að ég hefi ekki mikla reynslu af hinum eiginlega skiptarétti og fyrirverð mig ekkert fyrir að leyta til skiptaréttar Reykjavíkur til þess að fá álit þeirra mætu manna á vafaatriðum. En ég hefi allmikla reynslu af samskiptum við erfingja og aðra, sem á skiptum þurfa að halda og ekki minni en starfsmenn skiptaréttar

borgarfégetaembættisins m.a. vegna þess að þar er algengt að
lögfræðingar komi fram f.h. erfingja og annist skiptin. Hér
er það undantekning. Eg tel mig því hafa nokkra reynslu í
þessum efnum.

Með virðingu.

